

## AUGLÝSING

### **ríkisskattstjóra nr. 10/2005 um framlengingu á fresti skattstjóra til að úrskurða kærur vegna álagningar opinberra gjalda á menn 2005.**

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið með vísan til 120. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, að framlengja þann tveggja mánaða frest, sbr. 99. gr. tilvitnaðra laga, sem skattstjórum er settur til að úrskurða þær kærur, er bárust fyrir lok kærufrests þann 29. ágúst sl. vegna þeirrar álagningar á menn, sem auglýst var lokið 29. júlí 2005, sbr. auglýsingu í Lögbirtingablaðinu sem birt var þann dag.

Samkvæmt framansögðu framlengist ofangreindur frestur til 7. febrúar 2006.  
Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

*Reykjavík, 14. október 2005.*

**Ingvar J. Rögnvaldsson** vararíkisskattstjóri.